

## 45. fundur (aukafundur) í sveitarstjórn Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 29. júlí 2009 kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

**Mætt voru:** Þórir Jónsson, Siggeir Stefánsson, Árni Davíð Haraldsson, Aðalbjörn Arnarsson, Hilma Steinarsdóttir og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Sveitarstjórn byrjaði fundinn á því að minnast Arnars Einarssonar fyrrverandi skólustjóra sem lést 21. júlí s.l.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun.

*Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið.*

Jafnframt óskaði oddviti eftir að fá að setja inn eitt mál undir lið 3. innsend erindi en það barst með tölvupósti í dag.

*Samþykkt samhljóða að taka erindið inn.*

### DAGSKRÁ:

#### 1 Fundargerðir nefnda og ráða.

- Fundargerð sveitarstjórnar dagsett 18. júní 2009  
*Lögð fram til kynningar.*
- Fundargerð sveitarstjórnar dagsett 08. júlí 2009  
*Lögð fram til kynningar.*
- Fundargerð sveitarstjórnar dagsett 10. júlí 2009  
*Lögð fram til kynningar.*
- Fundargerð USB dagsett 25. júní 2009  
*Samþykkt samhljóða.*
- Fundargerð USB dagsett 24. júlí 2009  
*Samþykkt samhljóða*
- Fundargerð fræðslu- og menningarnefndar dagsett 22. júlí 2009  
*Samþykkt samhljóða.*
- Fundargerð landbúnaðarnefndar dagsett 09. júní 2009  
*Í lið eitt er talað um bréf frá eigendum Eiðis 1, Eiðis 2 og Ártúns þar sem rætt er um veginn til þeirra. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við eigendur. Í lið tvö leggur nefndin til við sveitarstjórn að samþykkja kr. 50.000 til verkefnisins bændur græða landið. Samþykkt að hafna erindinu.*
- Fundargerð atvinnumálanefndar dagsett 24. júní 2009  
*Samþykkt samhljóða.*
- Fundargerð húsnæðisnefndar Langanesbyggðar dagsett 22. júlí 2009  
*Hilma óskaði eftir að víkja af fundi vegna vanhæfni, samþykkt samhljóða. Í lið 1 Tilboð frá Hilmu Steinarsdóttir og Rúnari Konráðssyni dags 29. júní 2009 í Pálmholt 1 og 3. Íbúðirnar voru byggðar 1981 og er 87,2 m<sup>2</sup> fasteignamat er 5.274.000 Tilboðið hljóðar upp á kr. 7.000.000,- sem ca. 66% af fasteignamati í báðar íbúðirnar og er innifalið í þeim tölum líka gatnagerðagjöld B. Með tilboðinu fylgdi ástandskoðun á íbúðunum sem gerð var að Jóhannesi Jónassyni og er ljóst af þeirri skýrslu að viðhaldskostnaður getur hlaupið á milljónum. Húsnæðisnefnd gerir að tillögu sinni að leggja til við sveitarstjórn að taka þessu tilboði en þó einungis að það verði tryggt að 90% mismunur á kaupverði og skuldum fást frá Viðbótalánasjóði en á íbúðunum hvíla samanlagt ca.19,5 millj. Tilboðið er samþykkt með fyrirvara um að núverandi leigjendur neyti ekki forkaupsréttar, samþykkt samhljóða. Hilma mætti aftur inn á fundinn. Fundargerðin samþykkt samhljóða.*
- Fundargerð Drekasvæðið ehf. dagsett 8. júlí 2009

*Lögð fram til kynningar.*

- Fundargerð Hjúkrunar-og dvalarheimilisins Naust dagsett 6. júlí 2009  
*Lögð fram til kynningar.*

**2 Skýrsla sveitarstjóra.**

*Sveitarstjóri fór yfir fundargerð Sauðanesnefndar dags 27. júlí 2009 en á þeim fundi kemur sveitarstjóri kemur inn sem formaður nefndarinnar í stað Svölu sem verður vara formaður.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjóri fór yfir tilboð sem bárust í eftirtalin verkefni og voru opnuð 20. júlí 2009*

**I. BJ vinnuvélar ehf.**

- Niðurrif á sundlaug miðast við að fjarlægja allt efni og keyra mold yfir, slétta og sá í svæðið tilboðið hljóðar upp á **kr. 500.000,- m/vsk.**
- Tilboð í malarpúða undir geymslusvæði við gámaplan tilboðið miðasat við að keyra út 1166 m<sup>3</sup> heflað og þjappað með 15 cm. finni möl í efsta lag 1.500kr .m/vsk pr.m<sup>3</sup> samtals **1.749,000 kr.m/ vsk**

**II. Gunnar Kristjánsson**

- Niðurrif á sundlaug samkvæmt útboðsgögnum **kr.717.530,-**

**III. Þórður Þórðarson Hálsvegi 6**

- Niðurrif á sundlaug samkvæmt útboðsgögnum **kr.750.850,-**
- Geymslusvæði fyrir fyrirtæki og einstaklinga **kr. 1.530.542,-**

*Þórir Jónsson fór af fundi*

*Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri gangi til samninga við Þórð Þórðarson um geymslusvæði upp á kr. 1.530.542.*

*Hvað varðar gömlu sundlaugina þá leggur sveitarstjóri til að málinu verði vísað til USB til umsagnar .  
Samþykkt samhljóða.*

**3 Innsend erindi.**

- Erindi frá Hrossaræktunarsambandi Austurlands dagsett 15.07.2009  
*Í erindin er óskað eftir að Langanesbyggð gerist meðeigandi í hesthúsi með því að kaupa stíu/ur eða með frjálsu styrkframlagi.  
Samþykkt samhljóða að hafna þessu.*
- Erindi frá Baldri Öxdal Halldórssyni kt. 190264-4679 þar sem hann sækir um rekstrarleyfi, til sölu á gistingu og/eða veitingu veitinga fyrir Lindarbrekku sem er við Hafnartanga 2, 685 Bakkafirði, Langanesbyggð.  
*Samþykkt samhljóða að veita rekstrarleyfi fyrir flokk II.*

**4 Til kynningar:**

- Funda gerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 26. júní 2009
- *Lögð fram til kynningar.*
- EFLA minnisblað dagsett 17. júlí 2009
- *Lögð fram til kynningar.*
- Bréf frá sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytinu dagsett 14. júlí 2009
- *Lögð fram til kynningar.*
- Bréf frá Vegagerðinni vegna ferðamannvegs út á Langanes dagsett 20. júlí 2009
- *Lögð fram til kynningar.*
- Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna málþings dagsett 17. júlí 2009
- *Lögð fram til kynningar.*
- Bréf frá Félagi fagfólks í frítímaþjónustu dagsett 15. júlí 2009
- *Lögð fram til kynningar.*
- Bréf frá Samband íslenskra sveitarfélaga vegna endurgreiðslu á vsk. vegna slökkvibíls.
- *Lögð fram til kynningar.*

Fundargerðin upplesin og samþykkt

fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:32 fundargerðin er 2 blaðsíður.